

## Marðarnúpur

Athugasemdir og viðbætur

Björn J. Bergmann skráði í samráði við Auðun bónda Guðjónsson á Marðarnúpi.

Í Túninu (1) voru nöfnin **Fjóstunga** (87) (sunnan við Letilaut), **Norðurstykki** (88) milli Letilautar og Húsalautar, **Upptún** (89) ofan við heimreið og bæ, **Strákamóar** (90) syðst í Upptúni (milli heimreiðar og túngarðs), **Balar** (91), ávalir hryggir, neðarlega í suðurhluta túnsins, þar var skammt á grjót og á nokkrum stöðum sást á steina.

Melur (4), neðan túns á milli Letilautar og Húsalautar. **Börð** (92) nefnist vesturjaðar Melsins frá brún og niður að Síki. Þar spruttu upp margar lindir framan í brekkunni og vatnið úr þeim rann í Síkið og síðan í Tunguá.

Leynilaut (5), kannast ég (B.B) ekki við, en örskammt sunnan við Letilaut ná tvær litlar lautir stutt upp í móana. Ég heyrði talað um að önnur hefði verði nefnd **Gagnaugalaut** (93), en hin **Sokkinpusa** (94), en bæði nöfnin voru að öðru leyti gleymd og grafin.

Jafnan var talað um Keldu (9), en Mýri heyrðist ekki nefnd.

Messuvað (20). Það var jafnan nefnt Prestavað.

Bæjarfoss (24). Hann var alltaf nefndur Marðarnúpsfoss (25)

Hann hét og heitir Langifoss.

Daði taldi réttara að nefna hvamminn Hvannahvamm heldur en nefna hann Hvannrótahvamm (26) eins og var föst málvenja.

Melshóll á að vera Melhóll (27).

Hjalli (28). Oftast nefndur það, en stundum Neðstihjalli. Hjallarnir eru þrír.

**Efstahjalla** (95) vantar í skrána.

Kambur (31). Það var heimamannamál, aðrir nefndu hann **Marðarnúpskamb** (96). Neðsti hluti Kambsins hét **Lágkambur** (97), efsti hluti hans **Hákambur** (98). Suður af honum var jafnan talað um **Brúnir** (99).

Núpur (31). Hann heyrðist aldrei nefndur. Þar er Hákambur.

Dalur (39). Hann skiptist efst í Suðurdal og **Norðurdal** (100). Landamerkjabréf Marðarnúps er þar óglögg. Sennilega er Suðurhlíð Norðudals í Marðanúpslandi.

Aldrei talað um annað en Gilárflóa (44).

Drög (48), oftar nefnt Dragið.

(Sauðadals) Lækur (53).

ÖRNEFNASAFEN

**Stafrófsskrá örnefna**

Balar 91  
Brúnir 99  
Börð 92  
Efstihjalli 95  
Fjóstunga 87  
Gagnaugalaut 93  
Hákambur 98  
Lágkambur 97  
Marðarnúpskambur 96  
Norðurdalur 100  
Norðurstykki 88  
Sokkinpusa 94  
Strákamóar 90  
Upptún 89

ÖRNEFNASAFEN